


Æðamissmíð - meðferð með æðaherpandi lyfi



Æðamissmíðar geta verið á flestum stöðum líkamans og eru mismunandi að stærð og gerð. Oftast eru æðar á svæðinu of margar eða of víðar, hvort heldur það eru slagæðar, bláæðar eða sogæðar eða sambland af þeim. Æðamissmíðar geta verið sjáanlegar sem lítabreyting á húð eða fyrirferð undir húð eða legið dýpra í vef. Þær eru meðhöndlaðar þegar þær valda verkjum, eru lýti, eða hafa óáskileg áhrif á starfsemi líkamans. Stundum er hægt að nota æðaherpandi lyf til að minnka umfang eða áhrif æðaflækjunnar. Þá er lyfinu sprautað með nál gegnum húð og inn í æðaflækjuna. Lyfið veldur ertingu og bólgu þannig að meðhöndlaðar æðar dragast saman og flæði um þær minnkar. Markmiðið er að draga úr einkennum og stærð missmíðarinnar en sjaldnast næst fullkomin varanleg lækning. Aðeins er meðhöndlað takmarkað svæði í einu og algengt að endurtaka þurfi meðferðina með mislöngu millibili.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir meðferð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við meðferðina. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og notkun rafretta er skaðleg æðum og minnkar langtíma árangur æðainngripa. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá „Ráðgjöf í reykbindindi“ sem býður aðstoð við að hætta og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Undirbúningur fyrir meðferð

Blóðþynningarlyf og lyf vegna sykursýki

Hætta þarf töku sykursýkislyfja sem innihalda Metformin fyrir meðferð (t.d. Metformin, Glucophage, Janumet og Eucreas) og blóðþynningarlyfja annarra en magnýl eða hjartamagnýl. Það er gert í samráði við skurðlækni.

Símaviðtal vegna svæfingar eða staðdeyfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef frekari rannsókn eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við höndina, því í símtalinu þarf að fá upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óæskilegt að taka fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum eða röntgenskuggaefni
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Æskilegt er að drekka vel daginn fyrir meðferð til að vernda nýrun fyrir áhrifum skuggaefnis. Þeir sem eru með skerta starfsemi nýrna fá einnig Acetylcystein (Mucomyst) töflur og hefja inntöku kvöldið fyrir meðferð.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir meðferð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir meðferðina ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir meðferð.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með sér þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Meðferðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, skartgripa eða naglalakk eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæting er á dagdeild A5 Landspítala Fossvogi á 5. hæð á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Meðferð

Á deildinni er settur bláæðaleggur í handlegg og gefinn vökvi í æð. Sprautumeðferðin tekur yfirleitt 1-2 klst og er gerð á röntgenstofu. Þegar komið er á röntgenstofu staðfestir læknir með sjúklingi hvar mestu einkenni eru og hvaða svæði á að meðhöndla. Börn eru svæfið en fullorðnir fá oftast slævingu meðan á meðferð stendur. Gefið er skuggaefni í æð og teknar röntgenmyndir til að staðsetja æðamissmiðina áður en lyfi er sprautað inn.

Að meðferð lokinni eru umbúðir settar á stungustað og sjúklingur klæddur í þrýstingssokk eða þrýstingsermi ef við á. Röntgenlæknir hefur samband við aðstandanda að meðferð lokinni ef þess er óskað.

Eftir meðferðina fer sjúklingur aftur á dagdeild A5. Byrja má að borða og drekka við komu á deild.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Endurkomutíma hjá æðaskurðlækni

Útskrift

Útskrift er áætluð 1-2 klukkustundum eftir komu á deild.

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við bólgu á stungustað og verkir geta aukist tímabundið í nokkra daga. Ef þörf er á, má taka verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils skv. ráðleggingum læknis eða hjúkrunarfræðings.

Stungustaður

Fjarlægja má plástur af stungustað eftir tvo daga. Gera má ráð fyrir að meðhöndlaða svæðið bólgni upp, roði komi í húð og svæðið verði aumara fyrst um sinn. Sum svæði geta bólgnað mikið, svo sem ef verið er að meðhöndla í andliti.

Þrýstingsokkar eða þrýstingsermi

Ef nota á þrýstingssockk eða þrýstingsermi er ráðlagt að klæðast þeim búnaði yfir daginn fyrstu tvær vikurnar en fara úr honum fyrir nóttina.

Hreyfing

Ráðlagt er að hafa hægt um sig meðferðardaginn. Ef mikil bólga myndast, er ráðlagt að hafa hátt undir því svæði sem meðhöndlað var t.d með því að setja þúða undir.

Vinna

Æskilegt er að taka sér frí frá vinnu eða skóla í 2-3 daga en það fer eftir eðli starfs og líðan. Ef verið er að meðhöndla t.d svæði í andliti sem bólgnu mikið má gera ráð fyrir um viku fjarveru. Vottorð vegna fjarvista úr vinnu eða skóla eru afgreidd í endurkomutíma hjá lækni.

Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar eru tímabundið auknir verkir og bólga, blæðing í meðhöndlað svæði eða myndun blóðsega í öðrum æðum en til stóð að meðhöndla.

Kostnaður

Greitt er fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við æðaskurðeild fyrstu tvær vikurnar ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Stöðugir verkir þrátt fyrir verkjalyf
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði umfram það sem búist var við
- Versnandi bjúgur á útlím

Ef blæðir úr stungustað eða mar stækkar hratt þarf að þrýsta á blæðingarstaðinn og leita á bráðamóttöku eða hringja í 112.

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga B3 (innskrift)	543 2060
Dagdeild A5	543 7570
Æðaskurðeild A4	543 7354
Læknaritari æðaskurðeildar	543 7464

Dagdeild A5 er opin alla virka daga frá kl. 07:00-22:00. Eftir lokun má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á æðaskurðeild Landspítala í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
FEBRÚAR 2021
LSH-2555

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR ÆÐASKURÐLÆKNINGA,
YFIRLÆKNIR INNGRIPSRÖNTGEN-
OG ÆÐAPRÆÐINGARDEILDAR OG
DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR A5

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD